

Nd.

473. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 23, 14. desember 1877, um tekjuskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Tekjuskatt þann af eign, sem ræðir um í 2. gr. nefndra laga, skal greiða með 4 af hundraði af tekjum, sem nema 1000 kr., en síðan eykst skatturinn um 1 af hundraði á hverju þúsundi, uns hann er orðinn 15 af hundraði, sem greiðist af því, sem eignartekjur nema yfir 11000 kr.

2. gr.

Tekjuskattur af atvinnu, samkvæmt 4. gr. tjeðra laga, eykst með sama hætti og þar segir, uns hann er orðinn 15 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 29000 kr.

3. gr.

Auk þeirrar atvinnu, sem 5. gr. nefndra laga greinir, skal skatturinn greiðast af tekjum af landbúnaði og sjávarútvegi.

4. gr.

Ákvæði 12. gr. nefndra laga skulu einnig ná til stjórnenda banka og sparisjóða, að því er snertir innieign og vaxtafje í þeim stofnunum.

5. gr.

Ef gjaldþegn gefur enga skýrslu um tekjur sínar, svo sem 13. gr. tekjuskattslaganna mælir fyrir, skal skattanefnd áætla tekjur hans svo freklega, sem hún telur fært, svo að eigi sje hætt við, að þær verði settar lægri en þær eru í raun og veru.

Þyki skattanefnd ástæða til, getur hún krafist þess, að framteljandi staðfesti framtal sitt með eiði eða drengskaparheiti fyrir dómi. Er framteljanda skylt að sækja dómþing með gestarjettarfyrirvara á skrifstofu dómarsans eða á hvern stað í þinghánni, er dómari tiltekur.

6. gr.

Auk úrskurða um kærumál, sem yfirskattanefnd hefir með höndum, samkvæmt 20. gr. tjeðra laga, skal henni og rjett að hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir í umdæmi hennar gegni skyldu sinni, og ganga rikt eftir rjettu framtali. Leiðrjettir hún síðan skattaskrárnar, svo sem hún telur þörf á. Úrskurðum hennar verður eigi áfryjað.

7. gr.

Skýrslum þeim um efnahag gjaldþegna, er skattanefndarmenn fá vitneskju um í starfa sínum, skulu þeir halda leyndum fyrir öllum úti í frá. — Brot gegn þessu varðar sektum frá 20—200 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal þeim, er sekur verður, tafarlaust vikið frá starfanum.

8. gr.

Sektir eftir lögum þessum og gildandi lögum um tekjuskatt renni í landssjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessara laga breytast hinar tilfærðu greinar tekjuskattslaganna frá 14. des. 1877.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til jafnlengdar 1919.

Ástæður.

Rjettlátasti og sjálfsgæðasti tekjuaukinn er á þessum tímum um öll hlutlaus lönd talin að vera *hækkun á tekjuskatti*, eða einkanlega á hinum hærri eða afarháu tekjum, sem ófriðarástandið hefir lagt í hendur einstakra manna. Það ber að telja sem eins konar styrjaldargróða — skatt, sem með vissu getur einnig átt við hjer á landi.

Fjárhagsnefndin er þeirrar skoðunar, að alls ógerlegt sje að umsteypa á þessu þingi gildandi tekjuskattslöggjöf, með því að fleira yrði þá að falla um leið og nýr lagabálkur að setjast um fasta skatta landsins. Enda við óvanalega tíma að miða nú og erfítt að leggja til breytingar, er lengi eigi að standa. Henni hefir því vírst ráðlegast um sinn að gera að eins breyting að nokkru, eða viðbót við tekjuskattslögin frá 1877, viðbót, er hins vegar fyllilega gæti náð þeim tilgangi, sem nefndin og fleiri hafa, að ná í landssjóð skatti af ofurháum tekjum hjá einstökum mönnum. Og breytingar þær, sem þetta frv. nefndarinnar flytur, miðar að því tvennu,

1. að ná hærri skatti en nú er af miklum tekjum, og
2. að tryggja það, að slíkur skattur *náist* hjá gjaldþegnunum.

Ætlast er til, ef frv. nefndarinnar yrði að lögum, að það gildi að eins til *bráðabirgða*, eða frá því nú og til jafnlengdar síðara ár næsta fjárhagstímabils. Má gera ráð fyrir, að næsta reglulegt Alþingi taki skattamálin fyrir meira til frambúðar.

Ekki leikur vafi á því, að tekjuauki sá, er þessi ákvæði gera ráð fyrir, mundi verða allmikill, en eigi er auðið að áætla hann með neinni nákvæmni. —

Rjett þykir að geta þess, að þar sem nefndin hefir nú komið fram með þessar tillögur, svo sem til tals kom þegar í upphafi, er hún tók til starfa sinna, þykir henni óþarft að afgreiða frv. það um misærisskatt af tekjum, er vísað hefir verið til hennar.

Skýring á einstökum greinum verður að biða framsögu.